

Aðstaða skotís Torfnesi

Fundur settur kl 20.00. Fundarstjóri Valur Richter

Mættir. Valur Richter. Guðmundur Valdimarsson, Leifur Bremnes, Kristján Sigurðsson, Karen Valsdóttir, Þórður K. Sigurðsson, Sigurður Hreinsson (HSV).

1. Skýrsla stjórnar lesin og samþykkt. Farið yfir þær breitingar sem orðið hafa vegna stækkunar á húsnæði, Skotfimideild tók þátt í flestum mótum sem í boði voru á árinu og oftast verið í toppsætum, Skýrslur frá Bogfimideild og Píludeildar lagðar fyrir til samþykktar. Fjöldi iðkenda hefur haldist í um 25 manns flestir á aldrinum 13 til 20 ára, lítil þáttaka var á Íslandsmeistaramótum, Píludeildin var ekki starfandi megnið af árinu. Píludeildin er orðin aðili að Íslenska Pílukastsambandinu (ÍPS). Ekki formleg skýrsla frá mótanefnd, en engin félagsmót haldin en nokkur landsmót haldin í aðstöðu Skotís.
2. Reikningar félagsins fyrir árið 2024 lagðir fyrir, Umræða varð um kosti og galla Sportabler, kom fram að kosnaður við það er töluverður en kostirnir eru fleiri. Ógreiddir reikningar vegna framkvæmda er um 4.000,000 kr og hefur formaður gengið í ábrygð vegna þeirra. Reikningar samþykktir
3. Stjórn kosin. Valur Richter formaður, Leifur Bremnes varaformaður, Rafn Pálsson gjaldkeri, Kristján Sigurðsson ritari, Elín Drífa Ólafsdóttir meðstjórnandi.
4. Mótanefnd: Leifur Bremnes formaður og Kristján Sigurðsson.
5. Aganefnd: Valur Richter formaður, Guðmundur Valdimarsson og Ívar Valsson
6. Skoðunarmenn reikninga: Barði Önundarsson og Björn Bergsson.
7. Félagsgjöld áfram óbreytt 9000 kr. Leiga á byssuskáp 9000 kr. Gjald fyrir lykilkort að húsinu 1000 kr
8. Önnur mál: Lagt til að lög félagsins verði endurskoðuð og betrubætt fyrir næsta aðalfund. Lagt til að sótt verði um styrk til lagfæringar á vegi að útisvæði á Dagverðardal. Byggja þarf yfir leirdúfukastara á útisvæði. Rætt um að hafa opnunarhátíð vegna opnunar á endurbættu húsnæði með sýningu og einhverjum uppákomum. Unnið verði að því að setja af stað með félagsmót í pílu og keppt nokkrum sinnum á árinu til reynslu. Rætt um hugmynd um nýtt útisvæði í samstarfi við Mótorsportfélag Vestfjarða sem yrði staðsett á Seljalandsdal í nágrenni við gönguskíðasvæðið og jafnframt að bætt verði á sama tíma aðstæða fyrir skíðaskotfimi.

Fundi slitið kl 21.40

Kristján G. Sigurðsson

Ritari